

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Grundarfirði

Gildir frá 1. janúar 2024

1. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Grundarfjarðar sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Hið sama gildir um fasteignir þar sem rotþrær hafa verið settar upp og sveitarfélagið þjónustar.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni fasteigna í A-flokki, 0,30% af álagningarstofni fasteigna í B-flokki og 0,40% af álagningarstofni fasteigna í C-flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Hreinsgjald rotþróa skal greiðast árlega. Gjaldið er 12.723 kr. fyrir árið 2024. Fjárhæð breytist árlega miðað við byggingarvísitölu í október ár hvert (115,7 stig í október 2023).

Tengigjald fráveitu skal vera 315.000 kr. Fjárhæð breytist árlega miðað við byggingarvísitölu í október ár hvert (115,7 stig í október 2023).

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

4. gr.

Fráveitugjald er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Grundarfjarðar, staðfestist hér með skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. ákvæði samþykktar um fráveitur í Grundarfirði nr. 234/2007 og gildir frá og með 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1105/2014.

Grundarfirði, 14. desember 2023.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri